

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2012.

**Umsögn Fjarskipta ehf. (Vodafone) um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, 140. löggjafarþing, þskj. 1186 – 748. mál.**

Vísað er til tölvubrúfs ritara Allsherjar- og menntamálanefndar þar sem umbjóðanda mínum, Fjarskiptum ehf. (Vodafone) var veittur kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til þess að tilgangur frumvarpsins sé m.a. að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA um tilhögun ríkisaðstoðar við Ríkisútvarpið. Hafi stofnunin gefið út nýjar leiðbeiningarreglur á sviði útvarpsþjónustu í almannabágu á árinu 2010 sem taka beri mið af. Umbjóðandi minn telur af þessu tilefni rétt að staldra við ákvæði 4. gr. laganna sem mælir fyrir um heimild Ríkisútvarpsins til þess að koma á fót dótturfélögum fyrir aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í 3. gr. er skilgreinir almannabjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins.

Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. er kveðið á um að Ríkisútvarpið skuli dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Þar með er dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrá talin til almannabjónustu. Í 4. gr. er hins vegar eins og áður segir mælt fyrir um heimild Ríkisútvarpsins til að stofna dótturfélög utan um þá starfsemi sem ekki falli undir skilgreint almannabjónustuhlutverk félagsins. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er tilgangur slíkra dótturfélaga að styðja við starfsemi móðurfélagsins með því að nýta tæknibúnað, dreifikerfi, sérþekkingu starfsmanna og aðstöðu Ríkisútvarpsins til annarrar starfsemi en þeirrar sem fellur undir 3. gr.

4. gr. frumvarpsins felur þannig í sér heimild fyrir Ríkisútvarpið til þess að nýta dreifikerfi félagsins í samkeppnisrekstri, sbr. orðalagið aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í 3. gr. Að mati umbjóðanda míns brýtur sú heimild þó í bága við reglur EES sammingsins um ríkisaðstoð enda væri Ríkisútvarpið með þessu móti að selja aðgang að dreifikerfi sem byggt er upp í þágu almannabjónustu í samkeppni við aðrar dreifiveitur. Fær það ekki samrýmst framangreindum leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA enda er í þeim skýrt kveðið á um að fjármögnun útvarpsþjónustu í almannabágu megi ekki verða til þess að takmarka samkeppni á markaði.

Umbjóðandi minn vill í þessu sambandi vekja athygli nefndarinnar á því að hann hefur um langt skeið freistað þess að ná samkomulagi við Ríkisútvarpið um endurgjald vegna flutnings sjónvarpsútsendinga. Með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 var kveðið á um flutningskyldu

fjarskiptafyrirtækja sem reka almennt stafrænt fjarskiptanet sbr. 44. gr. laganna. Jafnframt er í 46. gr. laganna kveðið á um að flutningsskyldum aðilum beri að gæta jafnræðis við gerð samninga um flutning sjónvarpsútsendinga, m.a. með því að setja viðsemjendum samskonar skilmála fyrir sams konar þjónustu. Umbjóðandi minn flytur sjónvarpsútsendingar fyrir fjölda aðila s.s. 365, Skjárinn, ÍNN og N4 bæði yfir starfrænt dreifikerfi í lofti og fastlínu (ADSL og ljós). Allir umræddir aðilar greiða fyrir flutninginn skv. verðskrá. Í kjölfar gildistöku laganna taldi umbjóðandi minn því óheimilt með tillit til skyldu félagsins til að gæta jafnræðis að dreifa útsendingum Ríkisútvarpsins án endurgjalds. Ríkisútvarpið hefur hins vegar verið ófáanlegt til viðræðna og átti umbjóðandi minn því ekki annan kost en að vísa málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sbr. 47. gr. laga nr. 38/2011.

Fyrir Póst- og fjarskiptastofnun liggur álit fjölmiðlanefndar þar sem fram kemur að fjölmiðlanefnd telur framangreind ákvæði laga um fjölmiðla ekki fela í sér að Ríkisútvarpinu sé skylt að greiða fyrir dreifingu efnis um dreifikerfi annarra dreifiveitna nema Ríkisútvarpið óski sérstaklega eftir slíkri dreifingu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur enn ekki tekið ákvörðun í málinu en verði niðurstaða þess í samræmi við álit fjölmiðlanefndar er sú staða uppi á markaði að Ríkisútvarpið eitt fjölmiðla heimild til þess að hafna greiðslu fyrir flutning um dreifikerfi þriðju aðila. Kann því að koma til álita hvort í lögum um fjölmiðla felist einnig ríkisaðstoð við Ríkisútvarpið. Er því sérstaklega mikilvægt að nefndin taki til ítarlegrar skoðunar hvort framangreind ákvæði þess frumvarps sem hér er til skoðunar samrýmist ríkisaðstoðarreglum EES sammingsins.

Virðingarfyllst,

Dóra Sif Tynes, hdl.